

Fundargerð 4. fundar samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólustjórnenda.

24. apríl 2017 í mennta- og menningarmálaráðuneyti kl. 10.00-14.00

Mættir: Björk Óttarsdóttir, Guðni Olgeirsson, Kristín Runólfssdóttir, Sigurjón Mýrdal, Birna Svabjörnsdóttir, Þórður Kristjánsson, Jón Torfi Jónasson, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Edda Kjartansdóttir, Kristín Valsdóttir, Þorsteinn Hjartarson, Hulda Karen Daníelsdóttir, Dagrún Hjartardóttir og Hjördís Þorgeirsdóttir. Anna María Gunnarsdóttir mætti kl. 13.

Formaður opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Baðst afsökunar á formgalla við boðun fundarins og sagði frá boðuðum forföllum frá Guðbjörgu Ragnarsdóttur, Haraldi Á. Haraldssyni, Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur, Magnúsi Þorkelssyni, Sigurði Sigurjónssyni og Svanhildi Ólafsdóttur.

1. Hvað er að gerast í starfshópum samstarfsráðsins

a. Samræður og kynningarstarf:

Þórður sagði frá vinnu hópsins. Hópurinn hefur hist fimm sinnum og hefur fengið Aðalbjörn Sigurðsson kynningarfulltrúa KÍ til samstarfs við sig. Ákveðið var að fyrsta áherslusvið hópsins verði kynning á fjölbreyttri starfsþróun kennara. Aðalbjörn benti á 3-4 leiðir sem hægt er að fara. Hann hefur tekið að sér að vinna með hópnum að útfærslum.

Einnig hefur verið rætt um hvernig vefsvæðið starfsthroukennara.is verður nýtt í vinnu hópsins.

Rætt var um í hópnum að draga þyrfti fram allt það góða sem er verið að vinna út um allt í grasrótinni.

Hópnum er einnig áætlað að kynna frá öðrum hópum en það bíður upplýsinga frá þeim áður en ákveðið verður hvernig það verður gert.

Það liggja fyrir drög að fjárhagsáætlun fyrir fyrstu verkefni nefndarinnar sem nemur hátt á annað hundrað þúsund.

Umræða:

Rætt var um hvert hlutverk Aðalbjörns verður og hvað honum verði ætlað að gera.

Aðalheiður benti á mikilvægi þess að aðilar taki saman yfirlit um þá fundi sem verða á næstunni hjá þeim til að geta nýtt þá til að koma upplýsingum á framfæri og ræða við kennara og aðra aðila um starfsþróun ásamt kynningu á samstarfsráðinu.

Sigurjón benti á mikilvægi þess að hlusta á kennara og koma út skilaboðunum um að ræða þurfi hlutina í nýju samhengi.

b. Greining á þörfum fyrir starfsþróun:

Jón Torfi sagði frá vinnu hópsins. Hópurinn hefur fundað einu sinni en hefur komið ýmsu af stað. Á fundinum var farið yfir hvað heyri undir vinnuhópinn.

Byrjað er að vinna yfirferð yfir skýrslur sem til eru svo sem TALIS, skýrslu fagráðs, greinar og ritgerðir o.fl. Einnig er unnið úr skýrslum um úthlutanir Sprotasjóðs og annarra sjóða sem styðja við starfsþróun.

Gerðir verða listar yfir breyttar þarfir kennara fyrir starfsþróun. Fulltrúar kennarasambandsins hafa tekið að sér að afla þeirra upplýsinga með spurningakönnunum til nokkurra skóla af öllum skólagerðum/stigum.

Kanna á símenntunaráætlanir ólíkra skólagerða/stiga. Óskað var eftir að fá samstarf við Sambandið í þeirri vinnu. Ekki er ólíklegt að Grunnur hafi áhuga á að koma að þeirri vinnu.

Önnur verkefni hópsins eru ekki komin af stað en eru í deiglu.

Mikið efni er til og mikilvægt að taka það saman.

Einnig er mikilvægt að við séum meðvituð um skörun viðfangsefna á milli hópanna og vinnum með það.

Umræður:

Rætt um umræðu í hópum á Facebook þar sem fram fer mikil starfsþróun. Kennara eru að deila hugmyndum sín á milli og taka til sín og reyna.

Bent á mikilvægi þess að nýta faggreinafélög KÍ til að kveikja í kennurum og gera þá meðvitaða um að þeir eru að vinna í fagþróun og starfsþróun.

Bent á mikilvægi þess að kynningarhópurinn nýti sér allt efni sem til er og kynni það.

Hópurinn er ekki búin að gera áætlun um þörf fyrir fjármagn en benda á að ef samstarfsráðið væri með starfsmann væru verkefni hans kominn betur á veg.

Bent á mikilvægi þess að halda vinnufundi.

c. Stoðkerfi og starfsþróun:

Aðalheiður sagði frá vinnu hópsins. Hópurinn hefur hist tvisvar. Dreift var afrakstri seinni fundarins þar sem búið er að draga út hvernig hópurinn sér fyrir sér vinnuna með verkefni hans. (Sjá fylgirit). Hópurinn hefur klippt niður verkefni þannig að þau snúi að mismunandi hópum og verkþáttum. Í skjali hópsins er skilgreint hvernig þau hugsa sér vinnuna og hvað þau telja að megi bíða.

Lagt er til að komið verði af stað þróunarverkefnum til að byrja að prufukeyra gagnlegt stoðkerfi á árinu 2018. Hugsa þarf fyrir fjármunum í það verkefni.

Þorsteinn sagði frá könnun til sveitarfélaga/ skólaskrifstofa sem búið er að ræða í hópnum, stjórn Grunns og skólamálanefnd Sambandsins. Málefnið verður einnig rætt á fundi Grunns í lok þessarar viku. Búið er að senda könnunina út til þeirra sem eru í Grunni og verður hún send út til sveitarfélaga sem ekki eru með skólaskrifstofur. Óskað var eftir að könnuninni yrði svarað fyrir miðjan maí (*Sjá fylgiskjal*).

Hópurinn telur mikilvægt að fá starfsmann til að halda utan um verkefni og sjá um samantektir.

Spurning hvort hægt er að nýta skýrsluna um menntun án aðgreiningar til að styðja þróunarverkefni um stoðkerfi og fá fjármagn til að MMS geri úttekt á þróunarverkefninu. Á næstu dögum verður til stýrihópur um eftirfylgni með menntun án aðgreiningar. Líklegt er að samlegðaráhrif verði af þeirri vinnu við verkefni hópsins og fagráðsins alls en í úttektarskýrslunni er vísað á fagráðið á nokkrum stöðum.

Umræður:

Birna sagði frá MA. ritgerð um hvernig skólaþjónusta er nýtt. Þar kemur fram að það er í raun aðallega klínísk þjónustan sem er nýtt en ekki þjónusta kennsluráðgjafa og almenn kennsluráðgjöf.

Jón Torfi bendir á að ef starfsmaður hefði verið hjá Samstarfsráðinu hefðu spurningar sem hópurinn um þörf á starfsþróun vildi senda út til skóla farið með spurningarlistanum sem hópurinn um stoðkerfið hefur sent út.

Edda bendir á að gagnlegt gæti verið að nýta aðferð Framtíðarsmiðju til að tala við kennara um hvernig stoðkerfi þeir vilja. Þetta er dagsfundur sem miðar að niðurstöðum.

Í skýrslu um menntun án aðgreiningar er kafli um starfsþróun. Spurning hvort lagt verði til að þeim kafla skýrslunnar verði vísað til samstarfsráðsins til útfærslu. Í þeirri vinnu þarf einnig að skoða fjármögnun á starfsþróun í dag og hvernig hún gæti nýst betur.

Vinnan sem verið er að vinna í tengslum við kjarasamninga er mikilvæg í þessu samhengi þar sem meðal annars er verið að ræða um menntun fyrir alla. Í ljósi þess er mikilvægt að vinna hratt. Það er undiralda í skólum sem mikilvægt er að hlusta á.

Aðalheiður spyr hvort hægt verði að nýta ráðstefnuna sem fyrirhuguð er um úttektina á menntun á aðgreiningar til að fá umræðu um starfsþróun. Fram kom að sérstakar málstofur verða þar um einstök atriði og starfsþróun verður þar örugglega á dagskrá en eftir er að móta útfærsluna.

Jón Torfi leggur til að hópurinn komi með tillögur að samtali við kennara og aðra hagsmunaaðila.

Sigurjón minnir á að við höldum okkur við erindisbréf okkar í umræðunni um menntun fyrir alla þannig að við vinnum fyrst og fremst að starfsþróun kennara.

Kristín V. bendir á mikilvægi þess að koma fram með tillögur að konkret aðgerðum.

d. Brotthvarf og nýliðun í kennarastétt:

Birna formaður hópsins kynnti starf hópsins sem er að greina nýliðun og brotthvarf úr kennarastétt, taka saman upplýsingar um rannsóknir á kennaranámi og vettvangsnámi, kanna ástæður nemenda fyrir vali í kennaranám og lyfta röddum nýliða auk þess að koma með tillögur um að efla nýliðun og finna leiðir til úrbóta. Hópurinn hefur fundað þrisvar sinnum (27. febrúar, 8. mars og 31. mars), fengið til sín aðila til viðræðu og safnað gögnum.

Vinna er í gangi á ýmsum vígstöðvum við að afla upplýsinga um þessi mál. Til að fá heildarmynd af þeim upplýsingum sem safnað hefur verið saman og fá umræður um þær hefur starfshópurinn í hyggju að halda málþing komandi haust (nóvember). Það virðist vera mikill

áhugi á því. Hér þarf að hafa í huga faglega og uppbyggjandi þætti og leita eftir framlagi t.d. kennaramenntunarstofnana, sveitarfélaga, stéttarfélaga, menntayfirvalda, starfandi kennara, kennaranema og nýliða í kennarastétt. *Sjá minnisblað í fylgiskjali.*

Eftir er að gera fjárhagsáætlun fyrir þessi verkefni, m.a. málþing og aðgerðir, en ljóst er að nokkur kostnaður verður af málþinginu. Samstarfsráðið myndi standa að þessu málþingi.

Hugmynd kom fram um að gefa sjónvarpsþættinum Landanum rós á málþinginu fyrir að fjalla á jákvæðan hátt um starf kennara.

Listaháskólinn er að framkvæma rannsókn um hvað nemendur sem útskrifast fari að gera að lokinni útskrift.

Jón Torfi telur að of mikil áhersla sé lögð á nýliðun kennara, vantar meiri áherslu á brotthvarf og ástæður þess, m.a. út frá aldri innritaðra nemenda.

Aðalheiður vakti athygli á því að verið væri að vinna úr niðurstöðum málþings um leiðsögn við nýliða sem haldið var í janúar sl. í samstarfi HÍ, HA og KÍ, en þar komu fram ýmsar hugmyndir.

Spurning er um fókus í starfi hópsins. Snýst mest um að fá heildarmynd og stuðla að samhæfingu þess sem þegar er í gangi og móta næstu skref til að vinna að nýliðun í kennarastétt og vinna gegn brotthvarfi. Hluti af starfsþróun ætti að vinna gegn brotthvarfi og auka nýliðun.

Þörf á því að greina mannaflapörf í skólunum til framtíðar og hvar fyrirsjáanlegur skortur verði mestur. Hugmynd kom fram um að biðja Ríkisendurskoðun að gera slíka greiningu.

Mikilvægt er að þessi samstarfsnefnd fái aðgang að samantektum og skýrslum frá öðrum hópum sem eru að vinna að þessum málaflokki. Safna þarf skipulega saman gögnum.

Skilgreining á kennsluréttindum. Æskilegt er að taka umræðu í hópnum, um hvort hægt sé að skapa meiri sveigjanleika í þeim efnum, m.a. til að kennarar geti þróast í starfi innan og á milli skólastiga.

Rætt um opið eða lokað málþing.

Óskað er eftir samantekt á hvað önnur lönd hafa verið að gera til að efla nýliðun og vinna gegn brotthvarfi úr kennarastétt.

Vakin er athygli á riti sem gæti nýst betur: *Nýliðun. Handbók vegna starfsþjálfunar kennaranema við Háskóla Íslands*, Hafdís Ingvarsdóttir 2004.

Fram kom að kennarar óska í auknum mæli eftir að taka þátt í ígrundun starfsins.

Réttindanám framhaldsskólakennara. Ath. finna efni sem notað hefur verið í tengslum við það nám.

Hugmynd um að fá reynslusögur inn á málþing, t.d. frá þeim sem hafa hætt í kennaranámi eða hætt að kenna. Vakin er athygli á því að hátt hlutfall þeirra sem fá stuðning hjá VIRK eru kennarar vegna kulnunar í starfi.

2. Upplýsingar frá stýrihópi

Stýrihópurinn hefur ekki hist mikið undanfarið, m.a. vegna stöðu hópsins og óvissu um stuðning ráðherra við samstarfsráðið og að vinnuhóparnir hafa verið að störfum. Umræðan á þessum fundi hefur fyrst og fremst snúist um að draga fram starf undirhópanna fjörgurra. Fram kom að býsna margt sé að gerast þótt samstarfsráðið sé ekki nægilega vel sett án starfsmanns.

Lagt er til að stýrihópur fari yfir tillögur undirhópanna og samhæfi. Útbúa þarf einnig fjárhagsáætlun fyrir verkefnin og tryggja síðan starfsmann.

Huga þarf að samlegðartillögum og formgera samstarf vegna úttektar um menntun án aðgreiningar.

Tillaga að vinnufundi kom fram með þeim aðilum sem eru að vinna að nýliðun og gegn brotthvarfi áður en formlegt málþing verði haldið.

Lögð er áhersla á að afurðir vinnuhópanna verði sýnilegar, t.d. málþing, vefsíður, myndbönd um nýja sýn á starfsþróun, samfélagsmiðlar. Draga fram það sem vel er gert.

Umræða um áframhaldandi starf ráðsins og hvernig unnið verði áfram með verkefnin.

Þarfagreining, stoðkerfi, kynningarmál. Sumum finnst samstarfsráðið vera með of margt á sinni könnu, en of lítið um afurðir og aðgerðir.

Fjármögnun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda almennt þarf að ræða frekar.

3. Kynning á efni sem JTJ sendi út um starfsþróun kennara í Kanada og Skotlandi. Umræður.

Jón Torfi vakti athygli á skýrslum, rannsóknum, útgáfum og vefsíðu um starfsþróun kennara, Learning Forward. (learningforward.org). Hann vakti sérstaklega athygli á skýrslu um starfsþróun í Kanada: *The State of Education 'professional' in Canada*.

Hann fór yfir rit frá Fullan og Hargreaves frá 2016. Call for Action. Bring the profession back in.

Mikilvægast er að búa til menningu starfsþróunar (frekar en kerfi starfsþróunar). Greinarmunur á faglegum þekkingarauka og aukinni starfslegri fagmennsku.

Ráðstefnan International Summit of the Teaching Profession í Edinborg í mars sl.. *Empowering and Enabling Teachers to Improve Equity and Outcomes for All*.

Scottish College for Educational leadership. Kynnti vefsíðu.

Sjá hjálagðar glærur.

Fundi slitið 15.55